

Ísafjarðarbær
Helga Þuríður Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202203-035/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Breiðadalur og Selakirkjuból – Öfundarfjörður - Ísafjarðarbær

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir Selakirkjuból 2-4, Breiðadal Neðri 4 og Breiðdal 3 Innsta bæ í Öfundarfirði.

Í greinargerð kemur fram að áformað er að reisa frístundahús á jörðunum Selakirkjubóli 2-4, Breiðadal Neðri 4 og Breiðadal 2 Innsta Bæ þar sem er gert ráð fyrir allt að þremur frístundahúsum á hverri jörð, samtals níu húsum. Auk þess kemur fram að áformin skiptast á tvö deiliskipulagssvæði, annars vegar fyrir Selakirkjuból 2-4 og hins vegar fyrir Breiðadal Neðri 4 og Breiðadal 2 Innsta Bæ.

Einnig kemur fram að nærri skipulagssvæðunum er svæði nr. 314 á náttúruminjaskrá, Holtsengi og Vöð í Öfundarfirði, og neðan fyrirhugaðs skipulagssvæðis fyrir Selakirkjuból eru leirur sem falla undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um áhrif tillögunnar á ofangreind svæði.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur